

## Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2022- Sóley Brynjarsdóttir

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Hér í dag ætla ég ekki að heimta hitt og þetta heldur ætla ég að koma með tillögur að því hvernig hægt sé að betrubæta og deila með ykkur minni sýn á það hvernig vinnuskólinn gæti verið.

Við hér á Akranesi búum svo vel að vera með glæsilegan vinnuskóla en þó svo eitthvað sé gott og vel gert þýðir það ekki að það þurfi alltaf að vera eins. Á barnþingi fyrir ungmenni á aldrinum 13-15 ára fengum við meðal annars að heyra setninguna það vantar skemmtilegri vinnuskóla. En hvernig getum við gert vinnuskólann skemmtilegri?

Nú, hér koma mínar tillögur:

Það sem er einsleitt og endurtekið verður á endanum leiðinlegt. Því mætti bjóða upp á fjölbreytt verkefni t.d. meira af verkefnum svipuðu því sem vinnuskólinn í sumar gerði með Tinnu niðri á breið.

Einnig gæti verið skemmtilegt að vera í sambandi fyrirtæki á Akranesi þar sem ungmenni sem sækja vinnuskólann geti fengið að prufa og máta sig í fleiri en einu starfi. Til dæmis veit ég að þeir krakkar sem eru með ofnæmi fyrir gróðri fá að fara inn á leikskóla eða aðrar stofnanir, væri hægt að þróa það samstarf eitthvað svo það stundi fleirum til boða? Með því að gera þetta gætu ungmenni á Akranesi tekið frekar upplýstar ákvarðanir seinna í lífinu því þá hafa þeir fengið smjörþefinn af mismunandi störfum og vita í grófum dráttum hvað fellst í þeim. Þetta væri líka gott tækifæri til þess að átta sig á því hvar áhugasvið manns liggur.

VinnuSKÓLINN snýst að mínu mati ekki bara um það að gefa unglingum vinnu. Hann er skóli. Skóli sem á að undirbúa ungmenni undir framtíðina á vinnumarkaðinum. Þau læra í öruggu umhverfi margt sem þau læra ekki annars staðar. T.d. mikilvægi þess að mæta á réttum tíma og þau gera sér stundum í fyrsta skipti grein fyrir því hve mikils virði peningarnir eru. En mætti ekki bæta við meiri fræðslu í þennan skóla? Til dæmis væri gott að læra hvernig eigi að gera ferilskrá, kynningarbréf og jafnvel hvernig og hvenær eigi að skila skattframtali. Til þess að undirbúa unglingana okkar betur undir framtíðina á íslenskum vinnumarkaði.

Takk kærlega fyrir mig ☺